

**Sameiginleg ályktun frá stjórn Útvegsmannafélags Snæfellsnes
og stjórn Smábátafélagsins Snæfells:**

Varað við hugmyndum um fyrningu aflaheimilda

Á sameiginlegum fundi stjórnar Útvegsmannafélags Snæfellsness og stjórnar Smábátafélagsins Snæfells, sem haldinn var 25. janúar 2010, var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Stjórnir Útvegsmannafélags Snæfellsness og Smábátafélagsins Snæfells vara við öllum hugmyndum stjórnvalda um fyrningu aflaheimilda. Ljóst er að þær munu leiða til fjöldagjaldþrots í atvinnugreininni eins og skýrsla endurskoðunarfyrtækisins Deloitte frá síðasta ári sýnir glögglega.

Jafnframt er skorað er á sjávarútvegsráðherra að fara varlega í allar breytingar á landhelgislögunum, nema að höfðu víðtæku samráði við alla hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Snæfellsnesi, 25. janúar 2010.